**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 334/2022** **2023/EES/48/45**

**frá 9. desember 2022**

**um breytingu á X. Viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1121 frá 29. júlí 2020 um söfnun og miðlun á tölfræðilegum upplýsingum um notendur og endurgjöf varðandi þjónustu sameiginlegu stafrænu gáttarinnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 ([1]).

2) X. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 5. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724) í X. viðauka við EES-samninginn:

„5a. **32020 R 1121**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1121 frá 29. júlí 2020 um söfnun og miðlun á tölfræðilegum upplýsingum um notendur og endurgjöf varðandi þjónustu sameiginlegu stafrænu gáttarinnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 (Stjtíð. ESB L 245, 30.7.2020, bls. 3).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1121, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ([*]), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2022 frá 9. desember 2022 ([2]), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

formaður

([1]) Stjtíð. ESB L 245, 30.7.2020, bls. 3.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

([2]) Stjtíð. ESB L 164, 29.6.2023, bls. 75 og EES-viðbætir nr. 48, 29.6.2023, bls. 72.